

## 38. fundur

Hafnarnefnd hélt fund þriðjudaginn 16. mars 2004 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon M. Sturluson, formaður, Björgvin Guðmundsson, Valdimar Kúld Björnsson, Konráð Ragnarsson, hafnarvörður, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 20:00.

1. Rætt var um fjárhagsstöðu Stykkishólmshafnar og bráðabirgðauppgjör ársins 2003 auk fjárhagsáætlunar 2004.
2. Formaður gerði grein fyrir vinnu að öryggismálum og hvað þurfi að gera.
3. Rætt var um skipulag hafnarsvæðisins og framlagt bréf frá framkvæmdastjóra Sæferða ehf. um leyfi til að setja upp upplýsingaskilti í krika austan "Litlu bryggju".  
Hafnarnefnd telur þetta birgja útsýni og bendir á að hafa þetta á lóð fyrirtækisins þar sem það blasi við umferð á hafnarsvæðinu.
4. Formaður lagði fram fundargerðir frá hafnasambandi sveitarfélaga.
5. Formaður ræddi um "hafnarvernd" og hvað þar þurfi að gera.

Síðan urðu almennar umræður um málefni Stykkishólmshafnar.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:25.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),  
Símon M. Sturluson (sign.),  
Konráð Ragnarsson (sign.),  
Björgvin Guðmundsson (sign.),  
Valdimar Kúld Björnsson (sign.),  
Kristinn Ó. Jónsson (sign.).

Íhs.